

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. apríl 2005.

Vísað er í bréf yðar dagsett þann 6. apríl síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsagnar Bandalags Íslenskra námsmanna á máli nr. 142, fyrirframgreiðsla lána, ábyrgðarmenn o.fl. hjá lánasjóði íslenskra námsmanna.

1. gr. BÍSN styður að heimilt sé að veita lán til undirbúnings listnáms þar sem innihald námsins sé sambærileg því sem er kennt á háskólastigi.
2. gr. BÍSN telur mikilvægt að kanna alla kosti og galla þess að námslán séu veitt fyrirfram hvern mánuð, en huga þarf vel að framkvæmd þess sérstaklega með þá í huga sem standast svo ekki kröfur um námsframvindu. Nú þegar geta lögaðilar eins og t.d. fjármálastofnanir gengið í ábyrgð fyrir lánþega og teljum við það vera mikið framfaraskref.
3. gr. Styrkjakerfið hefur gefið af sér góða reynslu á Norðurlöndum og er án efa hvetjandi kerfi fyrir námsmenn að ljúka námi á tilskildum tíma og komast þar af leiðandi fyrr út á vinnumarkaðinn með lægri skuldir á bakinu.
4. gr. Hefur nú þegar tekið gildi og vísar BÍSN í því sambandi til umsagnar sem var send til nefndarsvið alþingis þann 25. nóvember 2004.

Fyrir hönd BÍSN



Eyrun Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri BÍSN

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1563
komudagur 25.4.2005



IDNNEMASAMBAND ÍSLANDS
LANDSSAMBAND IDN- OG STARFSNÁMSNEMA
STOFNAÐ 1944

Reykjavík 12. apríl 2005

Vísað er í bréf yðar dagsett þann 6. apríl síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsagnar Iðnnemasambands Íslands á frumvarpi nr. 142 um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

1. gr. INSÍ styður að heimilt sé að veita lán til undirbúnings listnáms þar sem innihald námsins sé sambærileg því sem er kennt á háskólastigi.
2. gr. INSÍ telur mikilvægt að kanna alla kosti og galla þess að námslán séu veitt fyrirfram hvern mánuð, en huga þarf vel að framkvæmd þess sérstaklega með þá í huga sem standast svo ekki kröfur um námsframvindu. Nú þegar geta lögaðilar eins og t.d. fjármálastofnanir gengið í ábyrgð fyrir lánþega og teljum við það vera mikið framfaraskref.
3. gr. Styrkjakerfið hefur gefið af sér góða reynslu á Norðurlöndum og er án efa hvetjandi kerfi fyrir námsmenn að ljúka námi á tilskildum tíma og komast þar af leiðandi fyrr út á vinnumarkaðinn með lægri skuldir á bakinu.
4. gr. Hefur nú þegar tekið gildi og vísar INSÍ í því sambandi til umsagnar sem var send til nefndarsvið alþingis þann 25. nóvember 2004 varðandi þingmál 330.

Fyrir hönd INSÍ

Hulda Katrín Stefánsdóttir

Formaður

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/1485
komudagur 22.4.2005

Hvanneyri 18. apríl 2005.

Vísað er í bréf yðar dagsett þann 6. apríl síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Skólafélags Landbúnaðarháskóla Íslands um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 142. mál, fyrirframgreiðsla lána, ábyrgðarmenn o.fl.

Við fögnum vilja þingmanna að taka upp lög um Lánasjóð Íslenskra Námsmanna. Að vísu er hluti þessara góðu mála þegar kominn í gegnum þingið. Í annarri grein frumvarpsins í 1. mgr. er lagt til að námslán séu veitt fyrirfram fyrir hvern mánuð. Við fögnum þessari tillögu en bendum um leið á að fara verði vel í útfærsluatriði í þessu máli til þess að það sé öruggt að það komi nemendum til góða.

Í 3. grein frumvarpsins er lagt til að hluti lána breytist í styrk ljúki námsmaður námi innan tímamarka. Þessu fögnum við heilshugar og teljum þetta vera til hagsbóta fyrir námsmenn og menntakerfið, við höfum kynnt okkur hvernig þetta virkar á hinum norðurlöndunum og teljum þetta góðan kost.

Í 5. grein frumvarpsins er í raun verið að leggja til að námsmenn þurfi ekki að greiða vexti af námslánum sínum. Að sjálfsgöðu finnst okkur námsmönnum þetta vera tímamóta tillaga sem vert er að styðja og myndi koma námsmönnum til góða eftir að þeir hafa lokið námi.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands

Brynja Dögg Ingólfssdóttir

29. apríl 2005

Alþingi,
Menntamálanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um LÍN (142. mál)

Við er í bréf nefndarinnar dags. 6. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimild til að krefjast ábyrgðarmanns á námslán verði felld brott. SBV benda á að eðlileg rök búa að baki þeirri kröfu laganna að trygging sé sett fyrir námslánunum. Án slíks skilyrðis má ætla að afskriftir þessara lána hefðu orðið langtum meiri gegnum tíðina og þar með hætta á að fótunum hefði verið kippt undan núverandi kerfi. Þá ber að hafa í huga að bankar og sparisjóðir eru nú farnir, í samvinnu við LÍN, að bjóða námsmönnum kost á bankaábyrgð á námslán í stað hefðbundinna ábyrgðarmanna.

SBV taka ekki afstöðu til annarra þátta frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Alþingi

Erindi nr. P 131/1486

komudagur 22.4.2005

Umsögn SHÍ um þingmál nr. 142 á 131. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Inngangur

Stúdentaráði barst nýverið til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lánasjóðsnefnd SHÍ hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar og hér á eftir fylgir umsögn hennar.

Nefndin lýsir almennri ánægju með frumvarp það sem SHÍ hefur borist til umsagnar. Í frumvarpinu koma fram efnisatriði sem nefndin lýsir sig mjög jákvæða gagnvart, s.s. hugmyndir um mánaðarlegar greiðslur námslána, að hluti námslána breytist í styrk ef námi er lokið á tilskildum tíma og enn fremur að vextir af lánunum verði afnumdir. Lánasjóðsnefnd SHÍ fagnar því þessum hugmyndum og vonar að þær geti komið til framkvæmda. Nefndin telur þó um leið ástæðu til að ítreka að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér komi ekki niður á öðrum þáttum í rekstri sjóðsins sem brýnt er að lagfæra. Þar ber hæst að grunnframfærsla er of lág og dugar nemendum ekki til upphalds, sbr. neyslukönnun SHÍ sem unnin var af Félagsvísindastofnun HÍ. Ennfremur endurspeglar tekjubundin skerðing námslána ekki raunhæf sumarlaun námsmanna. Skerðingin felur í raun í sér vítahring sem kemur fram bæði í árlegri endurskoðun úthlutunarreglna og hjá þeim námsmönnum sem fá skert lán vegna vinnu og verða þar af leiðandi að halda áfram vinnu meðfram námi.

Athugasemdir við einstakar greinar

1. gr.

Engar athugasemdir við greinina.

2. gr.

Nefndin telur að mánaðarlegar greiðslur námslána afar æskilegt fyrirkomulag. Námsmönnum geta að vísu fengið mánaðarlegar greiðslur í formi yfirdráttar hjá bönkunum. Sá galli fylgir þó gjöf Njarðar að háir vextir eru á yfirdráttarlánunum og talsverður kostnaður leggst á lánþega sem taka yfirdrátt.

Engin önnur þjóðfélagsstétt fær laun sín greidd tvisvar á ári en það getur komið sér illa fyrir lánþega. Núverandi kerfi getur haft ýmsar neikvæðar afleiðingar í för með sér, til að mynda aukinn fjármagnskostnað, fjárhagslegt óöryggi ásamt því að leggja óeðlilega mikla áhættubyrði á námsmenn. Því er nefndin einhuga um að styðja þessa hugmynd en ítrekar þó þann fyrirvara sem settur er í inngangi auk þess sem nefndin telur brýnt að hugað verði vel að tæknilegri útfærslu hugmyndarinnar. Teljum við þar á meðal mikilvægt að tryggja að mánaðarlegar greiðslur valdi ekki miklu álagi á starfsemi sjóðsins. Að auki telur nefndin mikilvægt að reynt verði að koma í veg fyrir að aukin afföll verði fjárhagslegur baggi á sjóðnum.

Hvað varðar ábyrgðarmannakerfi lánasjóðsins, vill lánasjóðsnefnd benda á að með skilyrðislausri kröfu um ábyrgðarmenn uppfyllir sjóðurinn ekki fullkomlega þá skyldu

sína að tryggja öllum tækifæri til náms án tillits til efnahags. Nefndin telur ekki nægilegt að treysta á að bankar axli þá ábyrgð þótt mikið framfaraskref hafi verið stigið með bankaábyrgðum á námslánum.

Þó er mikilvægt að tryggja að afföll sjóðsins af lánnum aukist ekki til muna í kjölfar slíkra breytinga og er því nauðsynlegt að fara gætilega í breytingar á ábyrgðarmannakerfinu. Skynsamlegt gæti verið að byrja hægt og gefa til að mynda svigrúm til undanþágu frá þessari grein í lögunum, þegar það á við, en halda því engu að síður sem meginreglu að ábyrgðarmanns verði krafist.

3. gr.

Nefndin fagnar þeim tillögum sem gerðar eru að breytingum í 3.gr. Hlutfall háskólamenntaðra Íslendinga er undir meðaltali OECD og teljum við æskilegt að styrkja og fjölga ungu fólki í námi, en þessi breyting væri ákveðin varða á leiðinni að því markmiði. Það að styrkurinn sé bundinn við að nemendur klári nám sitt á tilsettum tíma er hvatning fyrir nemendur og er mjög ákjósanlegt að umbuna þeim sérstaklega sem ljúka námi sínu á tilskildum tíma með þessum hætti.

4.gr.

Endurgreiðslubyrði lánanna var lækkuð úr 4,75 í 3,75% í desember 2004 og greinin er því óþörf.

5.gr.

Breytingin sem í þessari grein felst er ekki skýrð í greinargerð með frumvarpinu. Sé það raunin að fella niður vexti á námslánum þarfnast 5.mgr. 7.gr. núverandi laga einnig breytinga. Ef af þessari breytingu yrði myndi það léttja endurgreiðslubyrði námslána sem er breyting til batnaðar. Hins vegar vekur nefndin athygli á að nýlega hefur verið komið til móts við þann hóp sem er að endurgreiða námslán og leggur meiri áherslu á að þörfum þeirra sem í dag eiga að hafa lifibrauð sitt af námslánnum verði sinnt.

6. gr.

Engar athugasemdir

7. gr.

Engar athugasemdir

f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Anna Pála Sverrisdóttir

Agnar Freyr Helgason

Árni Helgason

Annas Sigmundsson

Sigurður Örn Hilmarsson